

Mál nr. 196/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar.****Ágreiningur um hvort heimilt sé að skerða bótarétt tjónþola vegna stórkostlegs gáleysis.****Gögn.**

90. Málskot, móttakið 24.5.2013, ásamt fylgigögnum.

91. Bréf X, dags. 18.6.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 27.8.2011 um kl. 9 að morgni ók M bifreiðinni A austur Reykjanesbraut við Strandaheiði. Þar fór A út af veginum og stöðvaðist í malargrjóti. Í skýrslu lögreglu er haft eftir M að hann hafi verið að koma frá því að aka foreldrum sínum upp á Keflavíkurflugvöll og ekið um 95 km hraða á klst. Hann hafi sofið um 4 klst. um nóttina og hafa unnið mikið deginum áður. Hann hafi sofnað undir stýri og vaknað upp þegar A var komin út fyrir akbrautina og hristist öll við að fara yfir grjótið. Í skýrslu lögreglunar kemur einnig fram að M kvaðst ekki finna til neinna eymsla en sagðist samt vera í miklu sjokki eftir þetta. Rétt áður en M fór af vettvangi með bróður sínum kvaðst hann finna fyrir smá seyðing í baki. Ætlaði M að fara sjálfur á heilsugæslu til að láta athuga með sig.

M leitaði slysdaginn á bráðadeild Landspítalans vegna einkenna frá stoðkerfi. Í læknafréfi deildarinnar til heimilislæknis M, dags. 27.8.2011, segir að M hafi um nóttina verið að aka foreldrum sínum til Keflavíkur í flug. Hann hafi verið „talsvert lítið sofinn og á leiðinni heim ansi syfjaður“. Þá er í bréfinu haft eftir M að hann hafi þó talið að hann gæti ekið og fannst hann ekki sofna en ekki vitað fyrr en hann rankaði við sér við að A var komin út í ójöfnur í vegkantinum.

M varð fyrir meiðslum við óhappið og hefur krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns A hjá X. Með tölvuskeyti lögmannsstofu til X, dags. 16.3.2012, var X gert viðvart um að M hafi leitað til lögmannsstofunnar vegna þeirra meiðsla sem hann hlaut og óskaði lögmannsstofan eftir öllum fyrirliggjandi gögnum í málinu. Hinn 20.3.2012 mun X hafa sent gögnin til lögmannsstofunnar með tölvuskeyti, þ. á m. fyrirliggjandi lögregluskýrslu. Með bréfi X, dags. 27.7.2012, tilkynnti það M að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og yrði sjálfur að bera 1/3 hluta bóta úr slysatryggingunni þar sem hann hafi meðvitað verið vanhæfur til aksturs M með því að hafa ekið A „talsvert lítið sofinn og á leiðinni heim ansi syfjaður.“ Vísaði X hér til fyrrgreinds læknafréfs frá bráðadeild Landspítalans sem það kveður að hafi fyrst borist sér 19.7.2012. Hvað lagarök snertir er af hálfu X í athugasemdum vegna málskotsins vísað til 2. mgr. 88. gr., sbr. 92.gr., umferðarlaga nr. 50/1987 og 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.).

Álit.

Heimild sína til að skerða bætur til M sækir X í 2. mgr. 27. gr. vsl., en sú lagagrein er í IV. kafla laganna. Ef félagið hyggst bera fyrir sig að það sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta samkvæmt reglum IV. kafla vsl. er mælt fyrir um það í 1. mgr. 31. gr. laganna að

Það skuli þá tilkynna vátryggingartaka eða vátryggðum þá afstöðu sína. Skal tilkynningin send án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem gátu leyst það undan ábyrgð. Þá er kveðið á um það í 2. mgr. 31. gr., vanræki félagið upplýsingaskyldu sína skv. 1. mgr., að það glati rétti til að bera ábyrgðartakmörkun fyrir sig.

Svo sem að framan greinir kom fram í lögregluskýrslu að M hafði orðið fyrir meiðslum við slysið. Þar er enn fremur greint frá því að hann hafi verið vansvefta og sofnað undir stýri sem var ástæða þess að A lenti utan vegar. X fékk lögregluskýrsluna í hendur fáeinum dögum eftir slysið. Þá þegar var því kunnugt um þau atvik sem gátu leyst það undan ábyrgð skv. 2. mgr. 27. gr. vsl. Tilkynning X hinn 27.7.2012 um að það ætlaði að skerða bætur til M var því ekki send án ástæðulauss dráttar eins og áskilið er. Með því hafði X glatað réttinum til að bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun gagnvart M. Þegar af þeirri ástæðu ber X að bæta tjón M að fullu.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bóttum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá X.

Reykjavík, 28. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.